

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Patrekshöfn, nr. 191 8. júlí 1968.

1. gr.

Gjöld samkvæmt VII., VIII., IX., X., XII. og XIII. köflum reglugerðarinnar hækka um 17% — seytján af hundraði.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 17. ágúst 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 175.

19. ágúst 1971.

AUGLÝSING

um að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, skuli ekki beitt gagnvart þegnum tiltekinna ríkja.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki nr. 47 2. maí 1968, hefur ráðuneytið ákveðið, að fenginni yfirlýsingu um gagnkvæma réttarvernd, að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. nefndra laga, varðandi skyldu erlendra aðila, sem sækja um að skrásetja vörumerki hér á landi, til að leggja fram vottorð um samsvarandi skrásetningu í heimalandi sínu, skuli ekki beitt gagnvart þegnum Kanada.

Iðnaðarráðuneytið, 19. ágúst 1971.

Magnús Kjartansson.

Árni Snævarr.